

Athugasemdir Þjóðleikhússins við frumvarp til sviðslistalaga

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Þjóðleikhúsið fagnar fram komnu frumvarpi til sviðslistalaga og þeim vilja löggjafans sem þar birtist til að skilgreina og standa vörð um sviðslistir á Íslandi.

Athugasemdir við II. kafla um Þjóðleikhús

Lagt er til að eftirfarandi setning bætist við eftir síðustu málsgrein í 4. gr. í kaflanum um Þjóðleikhús: **Heimil er tímabundin ráðning listamanna og annarra sem ráðnir eru til að sinna listrænum störfum til allt að fimm ára.**

Þjóðleikhússtjóri er ráðinn til fimm ára og í hlutverki hans felst meðal annars að marka listræna stefnu Þjóðleikhússins.

Auk verkefnavals eru ráðningar leikara og annarra sem ráðnir eru til að sinna listrænum störfum í eðli sínu birtingarmynd listrænnar stefnumótunar. Með því að setja inn í sviðslistalög ákvæði sem heimilaði allt að fimm ára tímabundnar ráðningar listamanna, jafn langar ráðningartíma leikhússtjóra, væri verið að skerpa á hlutverki listræns stjórnanda Þjóðleikhússins og gefa honum aukið svigrúm til að móta hið listræna starf á starfstíma sínum.

Að auki er rétt að áréttta að starfi listamanna, ekki síst leikara, er erfitt að marka tímaramma vegna eðlis starfsins, enda ræðst ráðningartíminn meðal annars af viðtökum og vinsældum þeirra verkefna og sýninga sem ráðning nær til. Einnig er rétt að geta þess að það tekur listamann að öllu jöfnu nokkurn tíma að sanna sig í starfi og því rökrétt að svigrúm sé til lengri ráðningartíma en almennt er gengið út frá.

Hér væri um frávík að ræða frá meginreglu 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en heimild fyrir slíku frávíki er í 3. gr. sömu laga. Í ljósi sérstöðu listrænna starfa má færa rök fyrir því að sérlög um sviðslistir kalli á rýmkaða heimild til tímabundinna ráðninga miðað við það sem almennt er gengið út frá í lögum nr. 70/1996.

Vísað er til sambærilegs ákvæðis í lögum um opinbera háskóla (4. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2008), sem tekur til tímabundinna ráðninga þeirra sem ráðnir eru til vísinda- og fræðastarfa.

Það er mat Þjóðleikhússins að það þjónaði almennt hagsmunum stofnunarinnar að fylgja þessu fordæmi og rýmka heimild til tímabundinna ráðninga listamanna við Þjóðleikhúsið.

Athugasemdir við IV. kafla um aðra sviðslistastarfsemi.

Þjóðleikhúsið fagnar þeim vilja til aukins samráðs við sviðslistageirann sem birtist í kafla IV í frumvarpinu, en telur vafasamt að fela sviðslistaráði það víðtæka hlutverk sem því er ætlað, þar sem því er ætlað að taka þátt í stefnumótun og samráði við stjórnvöld um helstu áherslur og forgangsmál í greininni á breiðum grundvelli, koma að kynningu á sviðslistum hér heima og erlendis og taka ákvörðun um skiptingu fjár milli viðfangsefna, fjalla um umsóknir og úthluta úr sviðslistasjóði.

Með því víðtæka hlutverki sem sviðslistaráði er ætlað er ljóst að fulltrúar helstu lykilstofnana í sviðslistum gætu ekki átt neina aðkomu að sviðslistaráði, þar sem ekki eru líkur á að sátt geti skapast um beina aðkomu þeirra að úthlutun fjármagns til sjálfstæðra atvinnusviðslistahópa.

Þjóðleikhúsið leggur til að hlutverk sviðslistaráðs verði einfaldað og skýrt og skilið á milli verkefna þess og sviðslistasjóðs með afgerandi hætti. Lagt er til að ráðgjöf, stefnumótun, tillögugerð til ráðherra, kynning og alþjóðlegt samstarf verði á forræði sviðslistaráðs, en sviðslistasjóði verði skipuð sérstök sjóðstjórn sem beri ábyrgð á fjárreiðum sviðslistasjóðs, sem verði afmarkað sérstakt fjármagn og taki ákvörðun um skiptingu fjár milli viðfangsefna og úthlutun úr sjóðnum .

Reykjavík, 15. nóvember 2012

Fyrir hönd Þjóðleikhússins



Tinna Gunnlaugsdóttir

Þjóðleikhússtjóri

tinna@leikhusid.is www.leikhusid.is

tel: + 5851200 / mobil: + 8221200